

Greiðslujöfnuður og erlend staða þjóðarbúsins á fyrsta ársfjórðungi 2016

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á fyrsta ársfjórðungi 2016 og um stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.¹

Viðskiptajöfnuður mældist hagstæður um 2,1 ma.kr. á ársfjórðungnum samanborið við 7,8 ma.kr. fjórðunginn á undan. Vöruskiptajöfnuður var óhagstæður sem nam 25,6 ma.kr. en þjónustujöfnuður² mældist hagstæður um 26,9 ma.kr. Jöfnuður frumpáttatekna var hagstæður um 5,4 ma.kr. en rekstrarframlög óhagstæð um 4,5 ma.kr. Áhrif innlánsstofnana í slitameðferð á frumpáttatekjur eru hverfandi eftir samþykki nauðasamninga í desember síðastliðnum.

Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 4.215 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 4.347 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því neikvæð um 131 ma.kr. eða sem nemur 5,9% af VLF. Nettóskuldir hækkuðu um 4 ma.kr. eða sem nemur 0,2% af VLF á milli ársfjórðunga. Á ársfjórðungnum komu til framkvæmda greiðslur innlánsstofnana í slitameðferð til kröfuhafa í formi reiðufjár en einnig voru gefin út skulda- og hlutabréf í félögunum sem afhent voru kröfuhöfunum. Í lok fjórðungsins nam skuld þeirra 598 ma.kr. sem síðar verður greidd eftir því sem sölu eigna vindur fram.³ Verðmat á skuldum félaganna í lok árs 2015 hefur verið endurskoðað frá síðustu birtingu.⁴ Skuldarnar eru nú á markaðsverði í stað nafnverðs áður. Þessi framsetning endurspeglar betur þá fjárhæð sem áætlað er að verði að endingu greidd til kröfuhafanna. Áhrif þessa er betri erlend staða þjóðarbúsins í lok ársins 2015 sem nemur 172 ma.kr. eða 8,8% af VLF.

Hrein fjármagnsviðskipti leiddu til um 14 ma.kr. lakari erlendar stöðu. Þar af lækkuðu erlendar eignir um 528 ma.kr. og skuldir um 514 ma.kr. vegna viðskiptanna. Gengis- og verðbreytingar höfðu neikvæð áhrif á erlenda stöðu þjóðarbúsins sem nam 103 ma.kr. á ársfjórðungnum.

¹ Sjá Hagtölur á <http://www.seðlabanki.is>

² <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/utanrikisverslun/thjonustuvidskipti-vid-utlond-4-arsfjorðungur-2015-bradabirgdatolur/>

³ Tekið skal fram að verðmat eignanna eins og það birtist í hagtölunum er nokkru hærra en skuldarnar. Matið á eignunum er frábrugðið því sem birt er í uppgjörum fyrirtækjanna sjálfra vegna mismunandi uppgjörsaðferða.

⁴ Hér er um að ræða fjárhæð sem flokkuð er undir liðnum „aðrar skuldir ót.a.“ en allar skuldir félaganna eru nú skráðar undir verðbréfaskuld eftir útgáfu skuldabréfa á fyrsta ársfjórðungi 2016.

Gengi krónunnar lækkaði gagnvart helstu gjaldmiðlum eða að jafnaði um 1,6% samkvæmt gengisskráningarvog.

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)

	<u>2015, Q1</u>	<u>2015, Q2</u>	<u>2015, Q3</u>	<u>2015, Q4</u>	<u>2016, Q1</u>
Viðskiptajöfnuður	7,8	27,7	50,3	7,8	2,1
Vöruskiptajöfnuður	3,5	-12,6	-12,2	-14,2	-25,6
Þjónustujöfnuður	20,7	58,7	90,1	21,2	26,9
Jöfnuður frumþáttatekna	-11,8	-13,6	-2,3	6,0	5,4
Rekstrarframlög, nettó	-4,5	-4,7	-25,3	-5,3	-4,5
Jöfnuður fjárframlaga	-0,4	-0,3	-0,4	-0,4	-0,3
Fjármagnsjöfnuður	-20,3	74,4	47,6	38,1	-13,9
Bein fjárfesting	-126,9	59,4	-1,0	-0,8	-12,1
Verðbréf	-49,7	14,7	-70,4	609,7	77,1
Afleiður	-2,7	0,0	5,0	-0,1	0,7
Önnur fjárfesting	118,6	-27,0	105,5	-638,0	-177,8
Gjaldeyrisforði	40,5	27,3	8,5	67,2	98,3
Skekkjur og vantalið, nettó	-27,7	47,1	-2,4	30,8	-15,6

Tafla 2. Breyting á erlendra stöðu þjóðarbúsins á milli ársfjórðunga (ma.kr.)

	Staða í lok 2015, Q4	Fjármagns- jöfnuður	Gengis- og verðbreytingar	Aðrar breytingar	Staða í lok 2016, Q1
Erlendar eignir, alls	4.790	-528	-147	101	4.215
Bein fjárfesting	1.997	-23	-64	-2	1.908
Verðbréf	926	8	-41	0	893
Afleiður*	10	0	-1	0	10
Önnur fjárfesting	1.203	-612	-22	100	670
Gjaldeyrisforði	653	98	-20	3	735
Erlendar skuldir, alls	4.917	-514	-45	-12	4.347
Bein fjárfesting	2.020	-11	-46	146	2.109
Verðbréf	975	-69	3	667	1.577
Afleiður*	14	0	-2	0	12
Önnur fjárfesting	1.908	-434	1	-825	650
Hrein staða við útlönd	-127	-14	-103	113	-131
Hrein staða við útlönd, % af VLF	-5,7%	-0,6%	-4,6%	5,1%	-5,9%

*Aðrar breytingar eru taldar undir gengis- og verðbreytingum fyrir afleiður.

Nánari upplýsingar veita Ríkarður Bergstað Ríkarðsson og Pétur Örn Sigurðsson á upplýsingasviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.